

Johann Sebastian Bach samdi þrjár sönötur fyrir viola da gamba og sembal á Köthen árum sínum. Nú á dögum eru þær ekki aðeins leiknar á gömbu, heldur einnig á selló og píanó.

Primos Ramovs er 75 ára slóvenskt tónskáld og eitt afkastamesta tónskáld landsins. Hann er einnig organisti og hvern sunnudag leikur hann á orgel við fjölda athafna, eldri verk - og eigin spuna. Á sumrin klífur hann fjöll í Slóveníu enda hefur hann sýnt Heklu okkar sérstakan áhuga. 5 Bagatele za violu (fimm bagatellur fyrir víólu) samdi Ramovs árið 1954, einfaldlega af því að hann langaði til að semja fyrir einleiksvíólu. Sjálfur telur hann að þær hafi ekki verið fluttar opinberlega erlendis fyrr en nú.

Paul Hindemith lék sjálfur á víólu og samdi því mikið fyrir það hljóðfæri. Sónatan op. 25 nr. 1 er með þeim þekktari, ekki síst fyrir fjórða kaflann og fyrirmælin þar: "Hratt,-tóngæði/tónfegurð eru aukaatriði".

Johannes Brahms samdi tvær sönötur fyrir klarinett, í f-moll og Es-dúr og umritaði þær sjálfur fyrir víólu.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Svava Bernharðsdóttir
víóluleikari

og
Kristinn Örn Kristinsson
píanóleikari

Þriðjudaginn 20. ágúst 1996 kl. 20:30

Svava Bernharðsdóttir nam víóluleik hjá Nobuko Imai, William Lincer og Karen Tuttle og lauk doktorsprófi í víóluleik frá Juilliard skólanum í New York 1989. Næstu árin lærði hún á barokk fiðlu við Schola Cantorum Basiliensis í Sviss. Svava er búsett í Ljubljana í Slóveníu þar sem hún er leiðari víóludeildar Slóvensku Filharmóníunnar auk þess sem hún er dósent í víóluleik við Tónlistarháskóla Ljubljana. Síðastliðið ár var gefinn út geisladiskur með leik Svövu Bernharðsdóttur og Kristins Arnar Kristinssonar.

Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann fór síðan í framhaldsnám til Bandaríkjanna og lauk B.M. prófi frá Southern Illinois University, Edwardsville. Hann var auk þess í tvö ár við St. Louis Conservatory of Music. Frá því Kristinn kom heim frá námi hefur hann verið eftirsóttur meðleikari bæði af hljóðfæraleikurum og söngvurum. Kristinn er skólastjóri Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Efnisskrá

J. S. Bach
1685 - 1750

Gömbusónata nr. 2 í D-dúr
Adagio, Allegro, Andante, Allegro

P. Ramovs
f. 1921

5 Bagatele za violu
1. Allegro
2. Andantino
3. Presto
4. Allegro Moderato
5. Largo

P. Hindemith
1895 - 1963

Sónata fyrir einleiksvíólu op. 25 nr. 1
1. Breit Viertel
2. Sehr frisch und straff
3. Sehr langsam
4. Rasendes Zeitmass. Wild.
Tonschönheit ist Nebensache
5. Langsam, mit viel Ausdruck

J. Brahms
1833 - 1897

Sónata nr. 2 í Es-dúr
1. Allegro amabile
2. Appassionato, ma non troppo Allegro
3. Andante con moto
4. Allegro non troppo